

# HÚSÖNDIN

15.tbl. 3.árg.  
22. apríl 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 23. -29. APRÍL

- 24.4. Friðrik L Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir,  
Ísak Guðmundsson
- 25.4. Rósa Eik Gunnarsdóttir, Þórhalla Bergey Jónsdóttir
- 26.4. Igor Kovacic
- 28.4. Eldey Gerda Garðarsdóttir



Kæru Mývetningar

Ég, Dagmar frá Álftagerði óska eftir húsnæði (íbúð eða herbergi)  
í sveitinni frá byrjun júní til ágústloka.  
Vinsamlega hafið samband á netfangið  
**sigurdardottir@gmx.de**  
eða síma 776-5997.





SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRÁ

# Aukaúthlutun úr sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir árið 2020

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra auglýsa eftir hugmyndum að áhersluverkefnum fyrir árið 2020. Um er að ræða viðbótarfjármagn af hálfu ríkisins sem veitt er í sóknaráætlanir landshluta, sem og aukið fjármagn samtakanna, vegna áhrifa Covid-19 á samfélagið. Alls eru um 42 m.kr. í pottinum.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar Norðurlands eystra og styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Óskað er eftir umsóknum um atvinnuskapandi verkefni á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar- og umhverfismála sem geta hafist sem fyrst. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórn samtakanna.

Umsækjendur sem ekki fengu styrk úr sóknaráætlun fyrr á árinu, eða telja þörf á auknu fjármagni í verkefni, eru hvattir til að endurnýja umsóknir sínar og staðfæra að núverandi aðstæðum. Yfirlit yfir áhersluverkefni Eyþings/SSNE má finna á vefnum [eything.is](http://eything.is) undir Sóknaráætlun.

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA:

|                       |  |               |
|-----------------------|--|---------------|
| Ari Páll Pálsson      | <a href="mailto:aripall@ssne.is">aripall@ssne.is</a> | sími 464 0416 |
| Baldvin Valdemarsson  | <a href="mailto:baldvin@ssne.is">baldvin@ssne.is</a> | sími 460 5701 |
| Vigdís Rún Jónsdóttir | <a href="mailto:vigdis@ssne.is">vigdis@ssne.is</a>   | sími 464 9935 |

Hægt er að skila inn umsóknum til og með 30. apríl nk. á netfangið [helgamaria@ssne.is](mailto:helgamaria@ssne.is)  
Einnig má nálgast umsóknareyðublaðið á vef Eyþings, [www.eything.is](http://www.eything.is)



# MARKAÐSSETNING Á NETINU

*Nú er tími til að greina stöðuna, skoða allar hliðar á teningnum, finna nýjar nálganir, setja sér markmið og ætla sér að ná árangri. Það leynast alltaf tækifæri einhverstaðar.*

**Tveir tveggja tíma praktískir fyrirlestrar í fjarkennslu og einkaráðgjöf með þaulreyndu markaðsfólki.**

**EDDA OG GUNNAR HJÁ KAPLI MARKAÐSRÁÐGJÖF**

28. apríl kl 9 -11 360° markaðssetning  
30. apríl kl 9 -11 Vefmiðlar og samfélagsmiðlar  
4. eða 5. maí Einkaráðgjöf (1 klst)

Um námskeiðið sjá Gunnar Thorberg Sigurðsson og Edda Gísladóttir hjá Kapli markaðsráðgjöf, en þau eru miklir reynsluboltar þegar kemur að markaðssetningu, hafa starfað sem ráðgjafar og hafa haldið fjölda námskeiða um allt land. Í þessu námskeiði munu Edda og Gunnar renna yfir aðalatriði faglegs markaðsstarfs með sérstakri áherslu á vef- og samfélagsmiðla. Að auki býðst þátttakendum að fá klukkustundar einkaráðgjöf þar sem hægt er að fara yfir heimasíðu, samfélagsmiðla, kynningarefni og markaðsaðgerðir. Sem sagt praktískt og sniðið að þörfum þátttakenda.

[www.kapall.is](http://www.kapall.is)

*Námskeiðið og ráðgjöf fer fram í fjarfundi*

**VERÐ 28.000 KR.**

SKRÁNING Á  
[WWW.HAC.IS](http://WWW.HAC.IS) EÐA  
[HAC@HAC.IS](mailto:HAC@HAC.IS)

**ATHUGIÐ**  
Allir sem greiða í Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar fá námskeiðið sér að kostnaðarlausu. Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi

# NÁMSKEIÐ FYRIR ÞJÓNUSTUGREINAR

## AÐ TAKAST Á VIÐ ERFIÐA VIÐSKIPTAVINI 6. MAÍ KL. 13-15

Leiðbeinandi: Eypór Eðvardsson, M.A.  
í vinnusálfræði, þjálfari og ráðgjafi  
hjá Þekkingarmiðlun

Á námskeiðinu er farið í kvartanir og mikilvægi þeirra í að ná árangri. Farið verður yfir leiðir til að takast á við erfiðar aðstæður í þjónustu eins og að segja nei þegar viðskiptavinur vill ekki fá neitt annað en já. Einnig hvernig best er að takast á við reiði og tilfinningahita viðskiptavina.

Félagsmenn í Framsýn og Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá námskeiðið sér að **kostnaðarlausu**. Athugið að námskeiðið er öllum opið og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.

Verð: 9500kr



Þekkingarnet  
Þingeyinga